

24. Fundur Umhverfisnefndar Kjósarhrepps 20 janúar kl 17.00

Mættir voru aðalmenn: Katrín Cýrusdóttir, Lárus Vilhjálmsson og Þorbjörg Skúladóttir og Karl Magnús Kristjánsson, oddviti, úr varastjórn.

Efni fundar

1. **Gjaldskrá á gámaplani:** Kynnt var gjaldskrá fyrir úrgangsefni á Gámaplani og skilti sem verður sett þar upp. Nefnd var sammála um að gjaldskrá væri hófleg í samanburði við nágrannasveitarfélög en hana mætti endurskoða í ljósi reynslunnar síðar á árinu.
2. **Starfshópur SSH um samræmingu á úrgangsflokkun á höfuðborgarsvæðinu:** Lárus sem sat í starfshópnum fyrir hönd Kjósarhrepps fór yfir vinnu hópsins og skýrði frá niðurstöðum hans sem verða kynntar fyrir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu á næstunni. Niðurstöður starfshópsins er sú að taka upp 3-4 tunnu flokkun á pappír/pappa, plasti, lífrænum úrgangi og heimilissorpi. Hægt verður að halda 3 tunnu kerfi eins og er í hreppnum með tvískiptri tunnu fyrir heimilissorp og lífrænan úrgang.
3. **Opnunartími Gámaplans.** Nefnd leggur til að opnunartími Gámaplans verði frá 11-14 á laugardögum, frá 13-16 á sunnudögum og til 18 á sumrum og frá 14-17 á miðvikudögum. Þessar tímasetningar verða endurskoðaðar í ljósi reynslu með gjaldtöku síðar á árinu.
4. **Grenndargámar:** Settir verða niður flokkunargámar fyrir pappír,plast, lífrænan úrgang og heimilssorp við sumarhúsasvæðin við Norðurnes, Hálsenda og Eilífsdal. Stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið í vor.Nefnd var einhuga um að vera með góða kynningu á notkun gámanna fyrir sumarhúsaeigendur og stefnt er að því að hitta forsvarsmenn sumarhúsafélaganna fljótlega.
5. **Landbúnaðarplast:** Nefnd er sammála um að leitað verði leiða til að nýta plastið innanlands í samstarfi við Terru eða aðra og að útbúa leiðbeiningar um frágang á því fyrir flutning.
6. **Umgengni við Meðalfellsvatn:** Nefnd var sammála um að kortleggja umgengni við strandlengju Meðalfellsvatns og grípa til aðgerða ef þörf krefði.

Fundi lauk kl 19.40

Fundargerð ritaði: Lárus Vilhjálmsson